



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Borgarstjórn

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Staða ráðninga á skóla- og frístundasviði 13. september 2018

Dagana 12. til 13. september 2018 var aflað upplýsinga frá leikskólum, grunnskólum og frístundaheimilum/sértækum félagsmiðstöðvum um stöðu ráðninga. Svör bárust frá öllum.


Leikskólar:

Í leikskóla á eftir að ráða í 38,8 stöðugildi miðað við grunnstöðugildi á deildum, sérkennslu og stjórnun. Búið er að ráða í 97,5% stöðugildi¹.

Þann 29. ágúst sl. átti eftir að ráða í 56,3 stöðugildi í leikskólum miðað við grunnstöðugildi á deildum, sérkennslu og stjórnun. Búið var að ráða í 96,4% stöðugildi.

Þann 6. september 2017 átti eftir að ráða í samtals 96,1 stöðugildi í leikskóla. Þann 14. september 2016 átti eftir að ráða í samtals 70,5 stöðugildi.

Mönnum stöðugildi í leikskólum



¹Auk þeirra 38,8 stöðugilda sem á eftir að ráða í leikskóla nú í ágúst miðað við grunnstöðugildi á deildum, sérkennslu og stjórnun vantar 23,5 stöðugildi í afleysingu. Um getur verið að ræða afleysingu þegar fastir starfsmenn leikskóla taka undirbúningstíma sem og vegna veikinda starfsmanna.


Staða starfsmannamála hafði þau áhrif að óvíst var með dagsetningar á inntöku 128 barna samkvæmt minnisblaði þann 21. ágúst 2018. Samkvæmt minnisblaði 28. ágúst síðast liðinn hafði staða starfsmannamála þau áhrif að óvíst var með dagsetningar á inntöku 93 barna. Samkvæmt stöðu starfsmannamála nú er óvíst með dagsetningar á inntöku 59 barna.

Grunnskólar:

Í grunnskóla á eftir að ráða í 16,5 stöðugildi. Búið er að ráða í 99,3% stöðugildi.

Þann 29. ágúst sl. átti eftir að ráða í 25,0 stöðugildi. Búið var að ráða í 98,9% stöðugildi.

Þann 6. september 2017 átti eftir að ráða í samtals 7,9 stöðugildi. Þann 28. september 2016 átti eftir að ráða í samtals 15,15 stöðugildi.




Frístundaheimili/sértækar félagsmiðstöðvar:

Í frístundaheimili/sértækar félagsmiðstöðvar á eftir að ráða í 64 stöðugildi eða 128 starfsmenn. Búið er að ráða í 82,1% stöðugildi.

Þann 29. ágúst 2018 átti eftir að ráða í 82,3 stöðugildi eða 167 starfsmenn. Búið var að ráða í 76,9% stöðugildi.

Þann 6. september 2017 átti eftir að ráða í 88,9 stöðugildi eða 173 starfsmenn.

Mönnuð stöðugildi í frístundaheimilum/sértækum félagsmiðstöðvum



Á biðlista eru nú 532 börn, þann 29. ágúst síðast liðinn voru 1.052 börn á biðlista og 6. september 2017 voru 834 börn á biðlista í frístundaheimilum/sértækum félagsmiðstöðvum.

Umsóknum um dvöl á frístundaheimilum hefur fjölgað um 271 barn frá 20. ágúst 2018.

Ráðningar í leikskóla, grunnskóla og frístundaheimili/sértækar félagsmiðstöðvar standa yfir þessa dagana og tölurnar því að breytast dag frá degi.